

KJARVAL

20% afsláttur

ER ALLT Í STEIK?
Kandi þú Sjörva & Kandi!

1598 KR. KG

Goða Grífsnahkkar pipar og BBQ

20% afsláttur

898 KR. PH.

BBS-BBQ Spare Rips 500 g

20% afsláttur

2158 KR. KG

SS Caj P's Lærissneiðar

20% afsláttur

1678 KR. KG

SS Nautakófilettur Argentískar

20% afsláttur

599 KR. PH.

Frechetta XL Speciale

15% afsláttur

KARTÖFLI

ÍM Hrásalat og Kartöflusalat

35% afsláttur

149 KR. STR.

Egils Kristall Sifrónu 2 l

99 KR. KG

Vatnsmelónur rauðar

15% afsláttur

RJÓMA OSTUR

Rjómaostur 125 g

299 KR. PH.

FP Sorppokar svartir

499 KR.

Home Plus Grillvörur

499 KR.

HOME GRILLKOL

3x Notaðu American Express hér og þú færð þessu VILDARPUNKTA.

Kortid sem kemur þér út

- Sjá opnunartíma á kjarval.is -

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Orðsending frá VITANUM

Áríðandi er að auglýsendur athugi hvort auglýsingar hafi verið staðfestar.

Það hefur dálítið borið á að auglýsingar hafi ekki skilað sér og þá er engin staðfesting að sjálfsgöðu. Endilega sláid á þráðinn og kannið málið.

kv. Útg.

Þá vantar VITANUM myndir af fermingarbörnum í Kirkjubæjarklausturspresta-kalli, þ.e. frá Prestsbakka-kirkju á skírdag 9. apríl sl. og Grafarkirkju á páskadag 12. apríl sl.

Snyrtistofan í Vík

er opin 19. - 27. júní
frá kl 13.00-20.00

Stofan lokar svo til 15. ágúst
Tímappantanir í síma 8683642



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps


er boðuð til fundar **mánudaginn 22. júní 2009 kl. 13:00** á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri

25. TBL. 13. ÁRGANGUR ÞRIÐJUDAGINN 16. JÚNÍ 2009

SMÁAUGLÝSINGAR

17. júní 2009



Við hefjum 17. júní á göngu sem Ferðafélag Mýrdælinga stendur fyrir. Mæting er klukkan 9 á bankaplaninu og gengið verður austur að Uxafótalæk, þar upp Rana, vestur brúnir Víkurhamra og niður Bratthól til Víkur.

Frítt verður í sund.




Milli klukkan 10 og 12 verður 17. júnídót, gasblöðrur og fleira, til sölu í Leikskálum.

Eftir messu sem hefst klukkan 13:00 verður skrudganga niður á íþróttavöll þar sem skemmtidagskrá hefst.

Meðal þess sem á dagskrá verður:

**Ávarp sveitarstjóra
Fjallkonan
Kraftakeppnin Kötluvíkingurinn
Þrautabrautir
Skólagolf**



**Ýmis tæki og tól verða til sýnis
og hljómsveitir taka lagið**



**Ungmennafélagið Katla verður svo með kaffi-
sölu í Leikskálum milli 15:30 og 17:00**

Sjáumst hress og kát á þjóðhátíðardaginn. (ef veður verður óhagstætt þá færast dagskráin inn í íþróttamiðstöðina)

Skemmtinefnd Umf Kötlu

Hugrenning

Fullveldi Íslands við fengum í arf.
Frá þeim sem unnu til sigurs.
Það má ekki nokkur misnota vald,
þó margur það geri, því miður

Við erum svo rík og eigum svo margt
Sem öðrum þjóðum er meinað
Okkur er falið að annast þetta allt
Og aldrei því megum við gleyma

Hann gæti orðið aumur, arfurinn sá,
og aldrei hann kæmi til baka.
Það er jú rétt að þjóðin er smá,
og þarf yfir sjálfstæði að vaka

Það sem við höfum í hendi í dag,
er hreint ekki öruggt á morgun
Aldrei skulum við ákveða það.
Að allt verði fallt fyrir borgun.

Við skulum halda í hefðir og form,
og hugsa um það sem við eigum
En gleypa ekki allt sem er borið á borð.
Og bikarinn fullann svo teygum.

Hann gæti orðið beiskur bikarinn sá,
og bragðið með súrara móti
Stundum er betra að standa einn hjá,
og stara á drynjandi fljótið.

Hvað er til fegurra í falgri sveit,
en fuglasöngur að morgni
Er döggin á grasinu glitrar svo hrein,
frá geislum í sólinni þorni.

Drynjandi fossar af fjallshlíðar brún,
um fegurstu sveitir og dali,
angandi völlum og iðjagræn tún,
svo allar þær staðreyndir tali.

Höf: Bergdís Jóhannsdóttir, Búlandi.

Á DÖFINNI

Dúettinn, "Sambandið" heldur uppi fjöri
á Systrakaffi þriðjud. 16. júní.

Jónsmessuganga fjölskyldunnar
verður á Jónsmessu 24. júní. Mæting við
Þykkvabæjarklausturkirkju kl. 20:30.

Leirmótun fyrir börn og unglinga fædd
1993 til 1999.
Námskeiðið verður haldið dagana 29. og
30. júní og 6. júlí, kl.13.00 til 16.00

Umf Katla minnir á Leikjanámskeið fyrir
börn fædd 1999 til 2004.
Verður það haldið virka daga frá kl. 9 til 12
vikurnar 29. júní til 10. júlí.

Skráning á Landsmót UMFÍ
á Akureyri dagana 9-12 júlí er hafin

Kvenfélögin í Álftaveri og Skaftártungu
verða með hina árlegu 17. júní skemmtun í
Tunguseli kl. 14.00

Golfklúbburinn í Vík.
Miðvikudagsmótaröðin verður framvegis
spiluð á fimmtudögum í sumar.

Hestapung Kóps 2009 verður haldið að
Sólvöllum 20. og 21. júní nk.

MÁLSHATTUR VIKUNNAR

10. Ratar rógur þó rökkvið sé. Rógur fer ekki
alfaraleiðir, heldur sína eigin vegi sem eru
órannsakanlegir og sjaldnast þola birtu. Enginn
vill viðurkenna að vera rógberi, samt flýgur
kvitturinn hraðar en nokkurn órar.

11. Enginn eignast krónu nema hann hirði
eyrinn. Aldrei nær sá heilum eyri er hálfan
fyrirlítur.

Netverslunin: - www.fallegfot.com

*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.*



Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Hlaupið verður frá Íþróttamiðstöðinni í Vík kl: 11:00.
Vegalengdir í boði: 3 km - 5 km og 10 km.
Forskráning á thorbjorg07@gmail.com.
Frítt í sund að loknu hlaupi.



Alþjóðlegi „prjónum úti“ dagurinn 21. júní 2009

Á sunnudaginn ætla Víkurbúar, nærsveitamenn og gestir að prjóna úti.

Ætlunin er að sitja saman fyrir utan Halldórskafti, en ef svo ólíklega vill til að veðrið verði leiðinlegt er hægt að setjast inn. Inni verður prjónles til sýnis og reyndar prjónakonur aðstoða byrjendur og kenna réttu tókin eftir þörfum.

Hátíðin hefst klukkan 14 og allir eru hjartanlega velkomnir.

Kvenfélag Hvammshrepps.

Hjúkrunar-og dvalarheimilið

Klausturhólar auglýsir

Starfsmaður óskast í sumarafleysingar eða til frambúðar.
Um er að ræða starf við ræstingar og þrif, 80 -100% vinna.

Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri
í síma 487-4870



17. júní á Hótel Lunda

Þjóðlegur matur á þjóðhátíðardaginn

Hádegisverður á 990 kr.



Ekta íslensk kjötsúpa
Grjónagrautur og slátur

Þja rétta kvöldverður á 2990 kr.



Forréttir:

Kjötsúpa
Lunda paté
Grafið hrossa Carpaccio



Aðalréttir:

Plokkfiskur með rúgbrauði
Lambalæri með brúnuðum kartöflum og sósu
Bleikja með kartöflum
Steikt ýsa með frönskum kartöflum og salati



Eftirréttir:

Skyr með rjóma
Heimabakaðar kökur



Egils Gull á 400 kr. og Egils Premium á 450 kr.



Hrossaræktarfélag Skaftárhrepps auglýsir stóðhestinn Bruna frá Skjólbrekku

Bruni frá Skjólbrekku IS2004633289
verður í girðingu á Hörgslandi frá **5. júlí.**

Bruni var í 10. sæti í flokki 4 vetra stóðhesta á LM í fyrra og hlaut í dóm:
Bygging 7.94 Hæfileikar 8.30

Tölt	Brokk	Skeið	Stökk	Vilji/geð	Fet	Fegurð í reið
8,5	8,0	8,5	8	8,5	8	8

Faðir: Kveikur frá Miðsitju B: 8,05 H: 8,44

Móðir: Dagrún frá Skjólbrekku B: 7,50 H: 8,60

Umsögn Gísla Gíslasonar tamningamanns:

"Bruni er sjálfgerður gæðingur með úrtöku gæðingskosti, mikið rými á öllum gangi og flugviljugur. Þá er hann höfðingi í lund og geðslagið frábært. Dagrún, mamma hans, var jafnframt úrtökugæðingur."

**Peir sem hafa áhuga á að nota Bruna hafið samband
við Gísla á Geirlandi S: 8936940
eða Sigurð á Hörgslandi S: 8619072 sem allra fyrst.**



Ferming í Víkurkirkju á Hvítasunnudag 31. maí sl. F.v. í efri röð Þór Jónsson, Vík, Friðbert Elí Gíslason Vík og Ægir Máni Hauksson Vík. Í neðri röð f.v. eru Alda Sól Hauksdóttir Vík, Emilía Ósk Lorange Vík, Kristín Erla Benediktsdóttir Sólheimakoti og sr. Haraldur M Kristjánsson

Minum á Hestaping Kóps

Hestaping Kóps 2009 verður haldið að Sólvöllum um næstu helgi, 20. og 21. júní

Farið verður eftir lögum og reglugerðum landsambands hestamannafélaga en þau er hægt að nálgast á heimasíðunni lhestar.is hvetjum við alla til að kynna sér lögina.

Öll hross skulu vera skráð í worldfeng.

Þátttökuskráning fer fram hjá:

Jón Geir í síma 8655427

Ásu Gróu í síma 8690072

Og á netfangi Kóps hmf.kopur@gmail.com

Minum á heimasíðuna www.hmf-kopur.bloggar.is

Síðasti skráningardagur er 17. júní

Með kveðju.

Stjórn hestamannafélagsins Kóps



Jóhanna Valdís Torfadóttir dóttir hjónana Torfa G Jónssonar og Bjarneyjar E Sigvaldadóttur, Bakkakoti í Meðalland, útskrifaðist af Háskólabrú í Keili af félagsvísinda og lagadeild með hæstu aðaleinkunn skólans 9.04 ásamt Guðrúnu Helgadóttur er hlaut sömu einkunn.



Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ verður haldið í tuttugasta sinn laugardaginn 20. júní.

20 ára – 20. júní – 20.000 konur

Í ár er yfirskrift hlaupsins “TÖKUM ÞÁTT – HEILSUNNAR VEGNA” og er unnið í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands. Athygli er vakin á forvörnum í heilbrigðu lífverni og að minna konur á mikilvægi þess að fara reglulega í skoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Krabbameinsfélagið mun gefa öllum þátttakendum kvannahlaupsins sturtuspjald með leiðbeiningum um sjálfskoðun brjósta.

Í tilefni af 20 ára afmælisins ætlar aðalstyrktaraðili kvannahlaupsins, Sjóvá, að gefa öllum þátttakendum á aldrinum 18-55 ára fría líftryggingu að upphæð 1. milljón króna í eitt ár.

Aðalstyrktaraðili er Sjóvá einnig koma Lýðheilsustöð, Morgunblaðið, Egils, Merrild og Kellogg's að hlaupinu.

Nánari upplýsingar eru hjá
Jónu Hildi Bjarnadóttur
Framkvæmdastjóra Kvannahlaups ÍSÍ
jona@isi.is eða s: 694-3571



Sumaropnun KJARVAL á Klaustri

Frá 1. júní til 31. ágúst

**OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL. 9.00 – 20.00**

Lokað

ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN 17. júní

Aldursforsetinn í Mýrdalshreppi

Ólafur Pétursson á Giljum, varð 100 ára sl. föstudag. Af þessu tilefni bauð Ólafur til veislufagnaðar á Hótel Höfðabrekku. Þangað sem fjöldi vina og kunningja sóttu þau hjón heim.

Kona Ólafs er, eins og kunnugt er, Þórunn Björnsdóttir, frá Svínadal, en hún á líka stutt eftir í aldarafmælið, f. 1911.

Bæði búa þau hjón við sæmilegustu heilsu, miðað við aldur. Bæði með afbragðs minni og skýra hugsun. Sem dæmi um þetta má segja frá því að Ólafur flutti í það minnsta hálf tíma ræðu, þar sem hann rakti lífshlaup sitt af því líkri snillið að unun var á að hlýða, og allt af munni fram, ekki neinir minnisþingar og aldrei neitt hik.

Margar ræður voru fluttar afmælisbarninu til heiðurs, en með sanni má segja að ræðan hans bar þar af.

Hjónin á Giljum eru einstaklega gestrisin og góð heima að sækja, enda sérlega vinamörg.

Í Fréttabúa munum við síðar rekja lífshlaup Ólafs.

Með kærri kveðju og þakki fyrir liðnar ánægjustundir. Megi andinn stungi búa áfram í ykkur. Sæunn og Eyþór.



Ólafur Pétursson og Þórunn Björnsdóttir

Mynd: Jónas Erlendsson



Hestaping Sindra

verður haldið laugardaginn 27.
og sunnudaginn 28. júní 2009.

Dagskrá:

Laugardagur 27. júní:

Kl 10:00 Forkeppni í B- flokki gæðinga

Kl 13:00 Hópreið, mótsetning og vígsla skeiðbrautar

Forkeppni í polla-, barna-, unglunga-, ungmenna- og A- flokki.

Athugið: Keppnisröð er samkvæmt mótsskrá.

Kl 19:00 STJÖRNUBLIKKS - TÖLTÍÐ

Töltkeppni sem er opin öllum, keppt er til úrslita. Vegleg peningverðlaun í 1. sæti.

Skráningargjald 2500 kr.

Eftir töltkeppnina fer fram keppni í 100 m skeiði með fljóttandi starti.

Áætluð kvöldvaka að hætti skemmtinefndar

Sunnudagur 28. júní

Kl 11:00 úrslit í B- flokki,

Polla-, barna-, unglunga-, ungmenna og A- flokki

Kl 14:30


Kappreiðar - opnar öllum

150 m skeið- 1. verðlaun 25.000 kr Skráningargjald 2500 krónur.

300 m brokk skráningargjald 500 kr á hest

300 m stökk skráningargjald 500 kr á hest

250 m skeið skráningargjald 500 kr á hest.



Skráning er hjá:

Magga Ben á netfangið maggiben@gmail.com og 893-3600

Petru á netfangið solheimar2@simnet.is og 866-0786

Síðasti skráningardagur í hringvallargreinum er **miðvikudagur 24. júní (miðnætti)** og ekki verður tekið við skráningum eftir það.

Hægt verður að skrá sig í kappreiðar líka á kappreiðadag.

Við skráningu þarf að koma fram IS númer hests og nafn og Kt knapa. Einnig geta knapar í hringvallargreinum valið tónlist til að spila undir og þarf það þá einnig að koma fram við skráningu. Annars velur Maggi eitt-hvað skemmtilegt.

(Skráningargjöld greiðist inn á 0317-13-302622. Kt. 540776-0169.

Þar sem fram kemur nafn eiganda.)

Sjáumst öll á Hestapingi Sindra.

Mótanefnd.

Ferming í Skóga- kirkju á Hvítasunnu 31. maí 2009

*F.v. Einar Sigurðsson og
Magnús Örn Sigurjónsson og sr.
Haraldur M Kristjánsson.*

